

Miðvikudagur, 9. október 2019

Ákvörðun nr. 32/2019

Samruni Hópsness ehf. og Hringrásar hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 30. ágúst 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Hópsness ehf. (Hópsnes) á öllu hlutafé í Hringrás hf. (Hringrás). Fyrir liggur undirritaður kaupsamningur, dags. 19. júlí 2019, skilyrtur samþykki Samkeppniseftirlitsins. Tilkynning um samruna var send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, í samræmi við 4. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við fyrrnefnd ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá keppinautum samrunaaðila, sem og rýnt opinber töluleg gögn er málið varðar. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverju samruni getur falist. Í b. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti t.d. gerst þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í kaupum Hópsness á Hringrás enda veltumörk laganna uppfyllt. Samkvæmt samrunaskrá hefur að svo stöddu ekki verið tekin ákvörðun um hvort félagin verði sameinuð í félagaréttarlegum skilningi.

1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá segir að tilgangur Hringrásar sé móttaka, flokkun, endurvinnsla og sala brotajárns, málma, spilliefna, dekkja og annarra endurvinnanlegra efna hérlendis og erlendis, auk verktakastarfsemi ýmiss konar og tengds atvinnureksturs. Félagið sé eigandi að öllu hlutafé í dótturfélaginu Efnarás ehf. sem haft hefur með höndum móttöku og förgun á spilliefnum, en sú starfsemi hafi verið lögð niður. Þá segir að Hringrás sé með starfsemi í Reykjavík, Helguvík, Akureyri og Fjarðabyggð auk þess sem félagið hafi yfir að ráða færanlegum endurvinnslustöðvum. Starfsmenn Hringrásar eru sagðir um 40.

Eigandi að öllu hlutafé í Hringrás fyrir samruna er Gamma: Credit Opportunity Fund.

Í samrunaskrá segir að tilgangur Hópsness sé samkvæmt samþykktum þess, eign, leiga og rekstur fasteigna, þjónusta tengd sorphirðu og saltafgreiðslu, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Starfsmenn fyrirtækja innan samstæðu Hópsness eru sagðir um 20.

Hluthafar Hópsness eru Efranes ehf. með 31.8% eignarhlut; Klettaskjól ehf. með 36.3% eignarhlut og Kristín Edvarðsdóttir með 31.8% eignarhlut.

Tilgreint er að Hópsnes sé móðurfélag eftirtalinna þriggja félaga sem félagið veiti ýmsa stoðþjónustu:

HP fasteignir ehf., sem sé eigandi að öllum fasteignum samstæðunnar sem allar séu staðsettar í Grindavík. Fasteignirnar séu allar leigðar út, ýmist til þriðja aðila eða til annarra félaga innan samstæðunnar sem nýti þær.

HP flutningar ehf., sem annist vöruflutninga milli Grindavíkur og höfuðborgarsvæðisins með lokuðum vöruflutningabílum. Helstu viðskiptavinir félagsins séu fyrirtæki í Grindavík.

HP gámar ehf., sem starfi fyrst og fremst í útleigu og losun á ruslagámum til fyrirtækja á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Hluti af starfsemi felist í geymslu og útkeyrslu á salti til fiskvinnslufyrirtækja. Félagið sjái einnig um akstur á gámum fyrir viðskiptavinum. Félagið hafi með höndum söfnun á brotajárni í litlum mæli á Suðurnesjum. Einnig eigi félagið færanlegan kurlara sem kurlar timbur, gróður og garðaúrgang og plastkór fyrir sorpvinnslur. Helstu viðskiptavinir félagsins séu fyrirtæki og sveitarfélög.

Samkvæmt samrunaskrá er um láréttan samruna að ræða að mati samrunaaðila, þó þannig að áhrif hans séu óveruleg. Er sú afstaða samrunaaðila reist á því að takmörkuð skörun sé á starfsemi fyrirtækjanna. Við samrunann eignist Hópsnes allt hlutafé í Hringrás hf. sem yrði dótturfélag Hópsness. Við samrunann verði lítil breyting á rekstri Hringrásar og sé það vilji stjórnenda Hópsness að reka kjarnastarfsemi félagsins sjálfstætt áfram. Þá sé ráðgert að Hópsnes sinni einhverri stoðþjónustu fyrir Hringrás.

Sameiginlegt markmið samrunaaðila er einkum að auka hagkvæmni í rekstri Hringrásar og HP gáma ehf. dótturfélags Hópsness, eins og nánar er lýst í samrunaskrá. Þá reki HP gámar bifreiðaverkstæði sem unnt yrði að nýta betur í sameinuðu fyrirtæki.

2. Markaðir málsins

Samkvæmt upplýsingum sem samrunaaðilar lögðu fram í samrunaskrá skarast starfsemi annarra félaga en HP gáma í samstæðu Hópsness ekki við starfsemi Hringrásar. Að mati samrunaaðila er því aðallega skörun í starfsemi á merkuðum fyrir söfnun endurvinnslu efna annars vegar og meðhöndlun úrgangs hins vegar.¹

¹ Vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 12/2015, *Samruni GMR endurvinnslunnar ehf. og Hringrásar hf.* sbr. einnig mál nr. 34/2012, *Misnotkun Sorpu bs. á markaðsráðandi stöðu sinni.*

Um markað fyrir söfnun endurvinnslufna kveður samrunaskrá starfsemi HP gáma fyrst og fremst felast í útleigu og losun á sorpgámum til fyrirtækja. Að auki hafi félagið söfnunargáma fyrir ýmis konar úrgang, þ.m.t. brotajárn, sem þjónustu við sveitarfélög. Starfsemi Hringrásar felist jafnframt í söfnun endurvinnslufna og því sé fyrir hendi skörun á þessum tiltekna markaði. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að meirihluti þeirra sem starfi á markaði fyrir söfnun endurvinnslufna starfi jafnframt á markaði fyrir meðhöndlun úrgangs.

Um markað fyrir meðhöndlun úrgangs kveður samrunaskrá meginstarfsemi Hringrásar felast í starfsemi á þeim markaði, n.t.t. söfnun úrgangs, endurvinnslu hans, sölu og förgun. Fyrst og fremst sé um brotajárn að ræða skv. samrunaskrá. Samkvæmt samrunaskrá starfar nokkur fjöldi aðila á þessum markaði enda sé þörf á slíkri þjónustu um allt land. Fyrirtæki og sveitarfélög geri kröfu um að veitt sé heildarþjónusta á þessum sviðum. Af því leiði að mikil samkeppni sé milli fyrirtækja um viðskipti í öllum vöruflokkum.

Um landfræðilega markaði málsins telja samrunaaðilar markað HP gáma fyrst og fremst höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Um landfræðilegan markað Hringrásar telja samrunaaðilar Ísland allt rétta skilgreiningu og sé félagið með starfsstöðvar í Reykjavík, Helguvík, Akureyri og Fjarðabyggð auk þess sem félagið hafi yfir að ráða færanlegum endurvinnslustöðvum. Félagið kaupi og safni brotajárni og öðrum úrgangi um allt land, flokki og selji áfram til útflutnings.

Skilgreining markaða sem sett er fram af hálfu samrunaaðila í samrunaskrá á vöru- og þjónustumarkaði málsins, sem og á landfræðilegum markaði málsins gefur í ljósi niðurstöðu málsins, ekki tilefni til nánari umfjöllunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Þess ber þó að geta að líklegt er að unnt sé að skilgreina þrengri undirmarkaði hvað varðar meðhöndlun úrgangs, sbr. t.a.m. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2012, *Misnotkun Sorpu bs. á markaðsráðandi stöðu sinni* og nr. 12/2015, *Samruni GMR endurvinnslunnar ehf. og Hringrásar hf. Vísast að öðru leyti varðandi markaðsskilgreiningar til þessara ákvarðana.*

3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Um stöðu samrunaaðila á markaði fyrir söfnun endurvinnslufna gerir samrunaskrá grein fyrir því að nokkur fjöldi fyrirtækja bjóði viðskiptavinum leigu og losun á sorpgámum á starfssvæði HP gáma. Að teknu tilliti til þess að tekjur HP gáma á árinu 2018 námu []² en samanlögð velta helstu keppinauta séu rúmir 10 ma.kr. skv. upplýsingum úr samrunaskrá, sé ljóst að markaðshlutdeild HP gáma er ekki veruleg. Samkvæmt ársreikningi 2018 var velta Hringrásar um 2 ma. kr. það ár.

Um stöðu samrunaaðila á markaði fyrir meðhöndlun úrgangs kveðast samrunaaðilar skv. samrunaskrá, ekki hafa forsendur til að sundurliða rekstrartekjur keppinauta sinna niður á starfsþætti hvers og eins. Benda samrunaaðilar á að rúmlega 40 starfsleyfi séu í gildi frá Umhverfisstofnun vegna úrgangs- og efnamóttöku. Mörg þessara starfsleyfa séu vegna urðunar og brennslu úrgangs. Þá séu aðrir aðilar með áþekk starfsleyfi og Hringrás á

² Fellt út vegna trúnaðar

höfuðborgarsvæðinu þ.e.a.s. til móttöku spilliefna, sóttmengaðs úrgangs, rafeindatækja, heimilistækja, hjólbarða, brotajárns o.þ.h.

Samkvæmt upplýsingum úr samrunaskrá, skilaði könnun á rekstrartölum úr ársreikningum keppinauta á mörkuðum málsins þeirri ályktun að ekki yrði veruleg breyting á stöðu samrunaaðila í kjölfar samrunans.

Við meðferð málsins hafa ekki komið upp tilvik sem gefa til kynna ástæðu til að Samkeppniseftirlitið vefengi upplýsingar veittar af samrunaaðilum eða mat þeirra á markaðsaðstæðum. Við rannsókn málsins leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða helstu keppinauta samrunaaðila en þeir töldu ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við samrunann.³

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi sú er mál þetta varðar er á markaði fyrir meðhöndlun úrgangs og undirmörkuðum hans, þ.á m. á markaði fyrir söfnun endurvinnsluefna. Í þessu máli er að megin stefnu um að ræða samsteypusamruna fyrirtækja sem starfa aðeins að nokkru leyti til á sömu eða tengdum mörkuðum. Þannig er starfsemi Hópsness og dótturfélaga við móttöku og meðhöndlun brotajárns takmörkuð. Þá liggur fyrir að keppinautar með umtalsverðan markaðsstyrk munu áfram starfa á mörkuðum málsins.

Markaðir fyrir meðhöndlun úrgangs á Íslandi eru að mati Samkeppniseftirlitsins að miklu leyti samþjappaðir og starfa tiltölulega fá fyrirtæki á þessu sviði. Af þeim sökum er að mati eftirlitsins tilefni til þess að fylgjast vel með samþjöppun á þessum mörkuðum og mögulegu samstarfi keppinauta. Að gögnum málsins virtum er það þó niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að kaup Hópsness á öllu hlutafé í Hringrás leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Hópsness ehf. á öllu hlutafé í Hringrás hf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

³ Umsagnarbeiðni var send til Kölku, Íslenska gámafélagsins, Gámaþjónustunnar, Furu og Sorpu.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson